# Miðvikudagur 4. október

SJÓNVARPIÐ

17.00 **Fræðsluvarp.** 1. Lengi býr að fyrstu gerð. Þáttur unninn af nemendum í hagnýtri fjölmiðlafræði II í Háskóla Íslands um líf á dagvistarstofnun. 2. Frönskukennsla fyrir byrjendur (1). – Entrée Libre.
17.50 **Sumarglugginn.** Endursýndur þáttur frá sl. sunnudegi.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Yngismær (11)** (Sinha Moa). Brasilískur framhaldsmyndlokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.20 **Poppkorn.** Umsjón Stefán Hilmarsson.
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Kvikmyndahátíð 1989** – kynningarþáttur. Umsjón Hilmar Oddsson og Friðrik Þór Friðriksson.
21.15 **Ríki þrumudrekans** (Kingdom of the Thunder Dragon). Bresk fræðslumynd um Bútan, ríki sem liggur hátt í Himalajafjöllum á milli Indlands og Kína. Þýðandi og þulur Jón O. Edwald.
22.10 **Heitar ástríður** (Ossessione). Ítölsk bíómynd frá 1942. Leikstjóri Luchino Visconti. Aðalhlutverk Massimo Girotti, Clara Calami og Elio Marcuzzu. Veitingahjón skjóta skjólshúsi yfir ungan flæking. Ástin blossar upp milli flækingsins og eiginkonunnar og þau ákveða að flýja. Þýðandi Þuríður Magnúsdóttir.
23.00 **Ellefufréttir.**
23.10 **Heitar ástríður framhald.**
0.20 **Dagskrárlok.**

STÖÐ 2

15.30 **Með óhreinan skjöld.** Carly's Web. Spennumynd með gamansömu í vafi. Vörubíll með fullan farm af baunum hverfur á dularfullan hátt. Skrifstofustúlka í dómsmálaráðuneytinu kemst á snoðir um að ekki er allt með felldu og hefur rannsókn á málinu. Aðalhlutverk: Daphne Ashbrook, Carole Cook, Gary Grubbs og Bert Rosario.
17.05 **Santa Barbara.**
17.50 **Ævintýri á Kýþeríu.** Spennumyndaflokkur fyrir börn- og unglinga. Þriðji hluti af sjö.
18.15 **Þorparar.** Minder. Breskur spennumyndaflokkur. Aðalhlutverk: Dennis Waterman og George Cole. Leikstjóri: Terry Green.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innslögum.
20.30 **Bein lína.** Síminn er 683888. Hvað finnst þér um dagskrá Stöðvar 2? Er það eitthvað sérstakt sem þú vilt koma á framfæri? Umsjón Jón Óttar Ragnarsson.
21.00 **Framtíðarsýn.** Beyond 2000. Það er fátt sem ekki er skoðað með tilliti til framtíðarinnar í þessum þáttum.
21.50 **Ógnir um óttubil.** Midnight Caller. Sérstakur bandarískur spennumyndaflokkur. Aðalhlutverk: Gary Cole, Wendy Kilbourne, Arthur Taxier og Dennis Dun.
22.40 **Kvikan.** Nýr þáttur um viðskipti- og efnahagsmál. Þættirnir verða fjölbreyttir í sniðum og verður leitað fanga jafnt innan lands sem utan. Umsjón Sighvatur Blöndahl.
23.10 **Í ljósaskiptunum.** Twilight Zone. Skil hins raunverulega og óraunverulega geta verið óljós. Allt getur því gerst í ljósaskiptunum.
23.35 **Baráttan við kerfið.** Samaritan. Fjöldi heimilislausra einstaklinga í Bandaríkjunum skiptir hundruðum þúsunda. Myndin fjallar um mann sem lætur sig þessi mál miklu varða. Sjálfur hefur hann mátt þola hungur, eymd og niðurlægingu þá sem heimilislausir mega lifa við dag hvern. Aðalhlutverk: Martin Sheen, Roxanne Hart og Cicely Tyson.
1.10 **Dagskrárlok.**

Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Sigurður Helgi Guðmundsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.** – Anna Ingólfsdóttir. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. Mörður Árnason talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Neytendapunktar.** Hollráð til kaupenda vöru og þjónustu og baráttan við kerfið. Umsjón: Björn S. Lárusson. (Einnig útvarpað kl. 15.45.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Norðurlandi. Umsjón: Áskell Þórisson.
10.00 **Fréttir.**
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Úr söguskjóðunni** – Klerkar kljást við sóknarbörn á 17. og 18. öld. Umsjón: Egill Ólafsson.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá miðvikudagsins í Útvarpinu.
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.10 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Mörður Árnason flytur.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.00 **Í dagsins önn** – Um kvennafræði. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
13.30 **Miðdegissagan:** Myndir af Fidelmann eftir Bernard Malamud. Ingunn Ásdísardóttir les þýðingu sína (12).
14.00 **Fréttir.**
14.03 **Harmoníkuþáttur.** Umsjón: Einar Guðmundsson og Jóhann Sigurðsson. (Frá Akureyri)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Skipbrot kommúnismans?** Samantekt um þróun mála í Austur-Evrópu. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
15.45 **Neytendapunktar.** Umsjón: Björn S. Lárusson. (Endurtekinn frá morgni.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.**
16.08 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Hvenær eru frímínútur í Engidalsskóla? Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Bach feðgar.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpinu kl. 4.40.)
18.30 **Tónlist.** Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Þáttur um menningu og listir líðandi stundar.
20.00 **Litli barnatíminn:** Lítil saga um litla kisu eftir Loft Guðmundsson. Sigrún Björnsdóttir les (3).
20.15 **Frá tónskáldaþinginu í París 1989.** Sigurður Einarsson kynnir nýja tónlist frá öllum heimshornum.
21.00 **Stiklað á stóru um hlutleysi,** hernám og hervernd. Fyrsti þáttur af átta endurtekinn frá mánudagsmorgni. Umsjón: Pétur Pétursson.
21.30 **Íslenskir einsöngvarar.** Inga J. Bachman syngur íslensk og erlend lög. Jórunn Viðar leikur með á píanó.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Aldahvörf** – Brot úr þjóðarsögu. Fyrsti þáttur af fimm: Sjálfstæðisbaráttan. Handrit og dagskrárgerð: Jón Gunnar Grjetarsson. Höfundur texta: Lýður Björnsson. Lesarar: Knútur R. Magnússon og Margrét Gestsdóttir. Leiklestur: Arnar Jónsson, Jakob Þór Einarsson og Broddi Broddason.
23.10 **Nátthrafnaþing.** Málin rædd og reifuð. Umsjón: Ævar Kjartansson og Ólína Þorvarðardóttir.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**



RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
8.00 **Morgunfréttir.** – Bibba í málhreinsun og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30
9.03 **Morgunsyrpa. Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.03 og afmæliskveðjur kl. 10.30. Bibba í málhreinsun kl. 10.55. (Endurtekinn úr morgunútvarpi.) Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03 og gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni. (Frá Akureyri)
14.03 **Hvað er að gerast?** Lísa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum. Milli mála. Árni Magnússon leikur nýju lögin.
15.03 **Stóra spurningin.** Spurningakeppni vinnustaða, stjórnandi og dómari Flosi Eiríksson.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Íþróttarásin.** Fylgst með og sagðar fréttir af íþróttaviðburðum hér á landi og erlendis.
22.07 **Lísa var það,** heillin. Lísa Pálsdóttir fjallar um konur í tónlist. (Úrvali útvarpað aðfaranótt þriðjudags kl. 3.00.)
0.10 **Í háttinn.**
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

1.00 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Endurtekinn þáttur frá mánudegi á Rás 1.)
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Slægur fer gaur með gígju.** Magnús Þór Jónsson rekur feril trúbadúrsins Bobs Dylans. (Fimmti þáttur endurtekinn frá sunnudegi á Rás 2.)
3.00 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á Rás 1.)
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi miðvikudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá deginum áður á Rás 1.)
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Á þjóðlegum nótum.** Þjóðlög og vísnasöngur frá öllum heimshornum.
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.



FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Páll Þorsteinsson.** Alls kyns upplýsingar fyrir hlustendur sem vilja fylgjast með, fréttir og veður á sínum stað. **Fréttir fyrir þá sem vilja vita hvað er að gerast.**
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Sérstaklega vel valin og þægileg tónlist sem heldur öllum í góðu skapi.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Leitaðu ekki langt yfir skammt. Allt á sínum stað, tónlist og afmæliskveðjur.
19.00 **Snjólfur Teitsson.** Afslappandi tónlist í klukkustund.
20.00 **Haraldur Gíslason.** Halli er með óskalögin í pokahorninu og ávallt í sambandi við íþróttadeildina þegar við á.
24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.

EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Steinunn Halldórsdóttir.**
22.00 **Snorri Már Skúlason.**
1.00– 7 **Tómas Hilmar.**

ÚTRÁS FM 104,8

16.00 **FÁ.**
18.00 **MS.**
20.00 **MR.**
22.00 **FB.**
1.00 **Dagskrárlok.**

RÓT ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
14.30 **Á mannlegu nótunum.** Flokkur mannsins. E
15.30 **Samtök Græningja. E.**
**16.00 Fréttir frá Sovétríkjunum.** María Þorsteinsdóttir.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Laust.**
**18.00 Elds er þörf.** Umsjón: Vinstrisósíalistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem efst er á baugi hverju sinni.
19.00 **Hlustið.** Tónlistarþáttur í umsjá Kristins Pálssonar.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Umsjón: Hulda og Magnea.
21.00 **Í eldri kantinum.** Tónlistarþáttur í umsjá Jóhönnu og Jóns Samúels.
22.00 **Magnamín.** Tónlistarþáttur með Ágústi Magnússyni.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Rokkað eftir miðnætti** með Hans Konráð Kristinssyni.

SKY One

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
8.30 **Super Password.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **Young Doctors** Framhaldsflokkur.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
17.00 **The New Price is Right.** Getraunaleikur.
17.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.00 **Hey Dad.** Fræðslumyndaflokkur.
18.30 **Mr. Belvedere.** Gamanþáttur.
19.00 **Rich, Man, Poor Man,** Framhaldssería.
20.00 **Falcon Crest.** Framhaldsþáttur.
21.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.00 **Fréttir.**
22.30 **The Untouchables.** Spennumyndaflokkur.
23.30 **Popptónlist.**

SKY MOVIES

13.00 **Love Me Tender.**
15.00 **Hansel and Gretel.**
17.00 **Going in Style.**
19.00 **Foreign Body.**
21.00 **Easy Money.**
22.45 **Jumpin' Jack Flash.**
00.30 **Up the Creek.**
03.00 **Tin Men.**

EUROSPORT

9.00 **Nútímafimleikar.** Heimsmeistarakeppni frá Sarajevo, Júgóslavíu.
10.00 **Blak.** Evrópumeistarakeppnin í Svíþjóð. Svipmyndir frá keppninni.
11.00 **Hnefaleikar.** Keppni í Moskvu.
13.00 Kappakstur. Formula 1 á Spáni.
14.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðburði liðinnar viku.
15.00 **Golf.** The Dunhill Cup. Keppni landsliða sem fram fer á St. Andrews í Skotlandi. Svipmyndir frá keppninni.
16.00 **Trampólín.** Evrópukeppni sem fram fer í Kaupmannahöfn.
17.00 **Nútímafimleikar.** Heimsmeistarakeppni frá Sarajevo, Júgóslavíu.
18.00 **Trans World Sport.** Fréttatengd ur íþróttaþáttur.
19.00 **Surfer magazine.** Brimbrettakeppni á Hawaii.
19.30 **Rugby.** Landsleikur, Frakkland – Stóra-Bretland.
21.30 **Róður.** Keppni á kanóum og kajökum.
23.00 **Lyftingar.** Heimsmeistarakeppni sem háð er á Grikklandi.

SUPER CHANNEL

14.00 **Look Out Europe.**
14.30 **Vinsældalistatónlist.**
15.30 **On the Air.** Popptónlist.
17.30 **Transmission.** Popp í Englandi.
18.30 **Time Warp.** Vísindaskáldskapur.
19.00 **The World Tonight.** Blandaður fréttaþáttur.
21.00 **Fréttir og veður.**
21.10 **The World Tonight.** Blandaður fréttaþáttur.
23.10 **Fréttir, veður og popptónlist.**

## Rás 1 kl. 22.20:

# Aldahvörf

## – brot úr þjóðarsögu

Í kvöld hefst á rás 1 ný þáttaröð sem nefnist Aldahvörf. Umsjónarmaður er Jón Gunnar Grjetarsson sagnfræðingur. Í þáttum þessum, sem eru fimm talsins, er fjallað um það tímabil Íslandssögunnar þar sem stærsta skrefið var stigið frá fornum sambýlisháttum til nútímans, en það er tíminn frá heimastjórn til fullveldis, eða öllu heldur fyrstu tveir tugir aldarinnar. Þá má segja að sjálfstæðisbaráttunni ljúki, ný atvinnutækifæri komu til, tæknin hélt innreið sína í atvinnulífið, fólksflutningar úr stjálbýli að sjávarsíðunni með vaxandi útgerð, stéttarfélög komust á legg og ný gróska varð í menningarlífi, listum og félagsstarfi.

Í fyrsta þættinum segir frá sjálfstæðisbaráttunni og sambandsmálinu.

Lesarar eru: Knútur R. Magnússon, Margrét Gestsdóttir, Arnar Jónsson, Jakob Þór Einarsson og Broddi Broddason.

## Sjónvarp kl. 22.10:

# Heitar ástríður

**Hjón nokkur skjóta húsaskjóli yfir mann sem á hvergi höfði sínu að að halla. Milli hans og konunnar blossar upp ástríðuþrungin ást. Þau ákveða að strjúka saman en konunni líkar ekki að þurfa að flækjast um með elskhuga sínum og snýr því heim áður en maður hennar kemst að því að hún hefur hlaupist á brott.**

**Skömmu síðar hitta hjónin flækinginn og eiginmaðurinn býður honum að flytja til þeirra aftur. Ekki líður á löngu áður en ástin blómstrar á ný milli skötuhjúanna. Konan hvetur elskuga sinn til að ryðja eiginmanninum úr vegi og morðið á að framkvæma þannig að svo virðist sem um slys hafi verið að ræða.**

**Skömmu síðar uppgötvar konan að hún er ófrísk en ekki fer allt sem ætlað er. Hún deyr skömmu síðar í umferðarslysi og elskhugi hennar er tekinn fastur fyrir morðið á eiginmanni hennar.**



**Það er ýmislegt nýtt sem ber fyrir augu Johnnys í Grikklandi.**

## Stöð 2 kl. 17.50:

# Á framandi slóðum

## – Johnny Xarharcos

fer í sína fyrstu ferð til Grikklands. Móðir hans var fædd þar í þorpinu Kythira en yfirgaf staðinn fyrir mörgum árum.

Johnny var fæddur í Sidney, í Ástralíu. Hann talar nánast enga grísku heldur eitthvert sambland af grísku og ensku. Í Ástralíu er alltaf talað um að hann sé Grikki. Svo fer hann í heimsókn með móður sinni til Grikklands. En þegar þangað er komið finnst honum hann algerlega ókunnugur og eiga fátt sameiginlegt með því fólki sem hann hittir þar.

Lífið í Kythiru kemur honum einkennilega fyrir sjónir. Í litla húsinu hennar ömmu hans er ekkert sjónvarp og ekkert aukasvefnherbergi. Johnny verður því að sofa í stofunni. Það er ekkert vatnssalerni, bara kamar úti í garði. Amma hans heldur stíft í gamlar hefðir og fer alltaf í kirkju á sunnudögum. Í þættinum fá sjónvarpsáhorfendur svo meira að vita um líf Johnnys í Grikklandi.